

## Proskamat 6 vikna

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Gróf-hreyfingar	<b>Lyftir höfði liggjandi á grúfu</b>	Barnið er lagt á grúfu. Reynt er að ná athygli þess með leikfangi og fylgst með hvort það geti lyft höfðinu upp af bekknum. Nauðsynlegt er að barnið nái að halda andliti og höku uppi í örstutta stund (a.m.k. 1 sek).	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn (3 mán).*
Fínhreyfingar	<b>Opnar lófa</b>	Fylgst er með hvort barnið geti rétt úr fingrum og opnað báða lófa sjálf.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn (9 vikna). Séu hendur stöðugt krepptar eftir 2 mánaða aldur þá tilvísun til barnalæknis.
Samskipti og leikur	<b>Brosir</b>	Fylgst er með hvort barnið bregst við með augljósu brosi þegar talað er við það og/eða brosað til þess. Ef þetta gerist ekki á meðan á skoðun stendur er reynt að kalla fram brosi með því að ná fyrst augnsambandi við barnið og tala síðan til þess og brosa.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn. Ef barn brosir ekki í 9 vikna skoðun en aðrir þættir í lagi, þá áfram ráðl. og skoða aftur í 3 mán. skoðun. *
Vitsmuna- og málþroski	<b>Fylgir hlut eftir með augunum</b>	Á meðan barnið liggur á baki eða er í fangi foreldris er athygli þess náð með leikfangi í beinni sjónlínu 20-30 sm frá andliti þess. Leikfangið (t.d. skærlituð hringla) er hreyft hægt frá miðlínu til hægri og til baka yfir miðlínu til vinstri og athugað hvort barnið fylgir eftir með augunum (alls um 20-30 sm leið). Í lagi er þótt barnið missi sjónar á hlutnum örstutt í nokkur skipti.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn. Ef barn fylgir hlut ekki eftir með augunum í 9 vikna skoðun en aðrir þættir í lagi, þá áfram ráðl. og skoða aftur í 3 mánaða skoðun.*
	<b>Myndar hljóð með mismunandi blæbrigðum</b>	Hlustað er eftir hljóðum (öðru en gráti) sem barnið gefur frá sér og hvort mismunandi sérhljóð og breytileiki í áherslu kemur fram. Hlustað er eftir hvort barnið virðist tjá mismunandi líðan eða skap með hljóðunum, t.d. ánægju við leik, áhuga á einhverju áhugaverðu sem er rétt utan seilingar, eða óánægju t.d. ef það er truflað eða missir eitthvað (snuð, hringlu).	Ráðleggingar til foreldra. Skoða aftur í næstu heimsókn (3 mán).

\* Ef enn ekki til staðar við 3 mánaða aldur, skoða nánar.